

Döff listir

Sjónrænar sögur (e. *visual vernacular*) eru leikrænt og ljóðrænt listform þar sem skapandi eðli táknmála er nýtt til hins ýtrasta. Ekki eru notuð nein nafnorð og ekki endilega notuð önnur stöðluð tákni heldur líkami skáldsins og sköpunarmáttur tákna málsins. Listamaðurinn notar hlutverkaskipti, svipbrigði og látbragð til þess að sýna veruleikann og heiminn í öllum sínum margbreytileika. Myndmál kvikmynda og málfræði tákna mála eiga sér hliðstæður sem þarna birtast á ljóðrænan hátt. Með einni hreyfingu getur sögu- maður horfið úr hlutverki persónu, dýrs eða hlutar og inn í annað hlutverk. Hann getur til dæmis verið fjall, kona eða fugl, notað vítt sjónarhorn og í sviphendingu þysjað inn í þrönga mynd og upplifun eins og í sögunni *Eyjafjallaástin* eftir Eyrúnu Ólafsdóttur eða skipt úr hlutverki manns í leit að bráð, í ýmis dýr eins og kött, fugl eða hreindýr líkt og gerist í sögunni *Hungurverkir* eftir Stefán Henriksen.

Hér verða birtar þrjár sjónrænar sögur sem urðu til á vinnustofu VV- verkefnisins undir stjórn Elsu Guðbjargar Björnsdóttur.¹ Sagan *Í spreng* eftir Önnu Jónu Lárusdóttur sem fjallar um hættulegt ævintýri á heimleið eftir skemmtun og Sunna Davíðsdóttir flytur og fyrrnefndar sögur *Hungurverkir* eftir Stefán Henriksen og *Eyjafjallaástin* eftir Eyrúnu Ólafsdóttur.²

¹ VV-verkefnið er samstarfsverkefni ÓS Pressunnar, Borgarbókasafnsins og Bókmenntaborgarinnar og er styrkt af Bókasafnsjóði. Heimasíða verkefnisins er <https://borgarbokasafn.is/vv-sogur>.

² Ritstjórar vilja þakka höfundum og flytjendum þessara VV-sagna kærlega fyrir að deila þeim með okkur og leyfa birtingu á þeim í Ritinu. Einnig þökkum við Elsu G. Björnsdóttur og Önnu Valdísi Kro sem stýrðu þessum vinnustofum kærlega fyrir alla hjálpinu við að fá þessar sögur og leyfi fyrir notkun þeirra.





Í spreng
eftir Önnu Jónu Lárusdóttur,
flytjandi Sunna Davíðsdóttir



Hungurverkir
eftir Stefán Henriksen



Eyja fjallaástin
eftir Eyrúnu Ólafsdóttur

Döff kvikmyndalist fjallar um annan sannleika og ólíka reynslu döff fólks en birtist í kvikmyndum heyrandi fólks. Elsa Guðbjörg Björnsdóttir er íslensk kvikmyndagerðarkona sem gert hefur nokkrar stuttmyndir af þessu tagi. Elsa fékk verðlaun fyrir bestu myndina á evrópskri kvikmyndahátíð fyrir stuttmynd sína *Sagan endalausa*, sem fjallar um endalausa kúgun döff út frá „heyrandi“ hugmyndafræði eins og raddmálsstefnu. Hún fékk líka verðlaun sem besti leikstjórinn og fyrir bestu myndina á Clin d’Oeil hátíðinni fyrir stuttmyndina *Kári*. Í henni er fjallað um erfiða reynslu, vanlíðan og sektarkennd heyrnarlaus drengs sem lifir í heyrandi heimi, án táknaðs og nær ekki skilningi á því sem fer fram í kringum hann.



*Sagan
endalausa*




Kári



Myndlist döff myndlistarmanna tjáir oft annan veruleika og upplifanir en heyrandi fólks. Á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra hanga myndir og teikni-myndasögur eftir Arnþór Hreinsson sem allar eru svipmyndir úr lífi og reynslu döff fólks.³


³ Listamanninum Arnþóri Hreinsyni eru færðar bestu þakkir fyrir að leyfa okkur að birta þessar myndir og að veita viðtal sem kemur hér á eftir. Þá er Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra þakkað fyrir að leyfa birtingu á myndum í eigu stofnunarinnar og starfsfólki hennar er þökkuð aðstoð við að finna myndirnar og koma til okkar.




Magga er á leið í vinnuna um vetur og þarf að skafa bílinn sinn. Hún heyrir ekki að strætisvagn kemur keyrandi en finnur hvinin af honum þegar hann strýkst nánast við bakhlutann á henni.



Olgeir er rafeindavirki og vinnur við að gera við útvörp. Viðskiptavinurinn malar yfir honum um útvarpvesenið en fær engin viðbrögð. Það sígur í hann en þegar útvarpið virkar verður hann sáttur og hissa.



Addi ákveður að fara í módelteikningu en hefur misskilið samskiptin og kemst að því að hann á ekki að teikna módelið heldur að vera módelið sjálfur.



Magga er í sjónvarpinu að bíða eftir að lesa táknafréttir. Hún hefur beðið lengi og er hissa á að enginn komi að taka upp fréttirnar. Hún sér út um gluggann að allir starfsmenn eru utan húss. Búið er að tæma húsið vegna sprengjuhótunar en hún gleymdist.



Heyrnarlaus móðir finnur ekki börnin sín.



Bíllinn kemst ekki í Akraborgina. Farþegarnir fara um borð en Tommi ákveður að keyra á Akranes og tekur á móti félögum sínum á hafnarbakkanum.



Áður var erfitt fyrir heyrandi vinnufélaga að eiga samskipti við heyrnarlausla. Með tæknibreytingum opnuðust nýir möguleikar. Fyrsta breytingin voru smáskilaboð í síma og nú er hægt að nota þjónustu myndsímatúlka.



Tækninni fleygir fram og það verður hægt að nota vélrænan túlk.



Túlkabjónusta er fánleg við allar aðstæður daglegs lífs.



Döff nemendur geta líka sofið í tímum.


Viðtal við Arnþór Hreinsson myndlistarmann er sérstaklega tengt olíumálverki (sjá næstu opnu) sem Arnþór málaði fyrir Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.⁴ Það sýnir upplifun listamannsins af einangrun döff fólks á meðan táknmál var bannað og breytingunni eftir að það fékk meiri viðurkenningu. Á því tímabili sem íslenska táknmálið var bannað fengu börn ekki menntun og þekkingu og misskildu stöðugt það sem sagt var.

Olíumálverkið sýnir tvenna tíma í menntunarsögu táknmálsbarna. Tímabil táknmálsbannsins, vinstra megin á myndinni, sýnir hendur negldar upp á vegg á lokaða bók. Lokaða bókin stendur fyrir ólæsi sem skapaðist af táknmálsbanninu. Fyrir neðan hendurnar eru óskýr augu og fingur sem segja að raddmálið sem döff börn áttu að skilja var þeim óskiljanlegt.

⁴ Elsa G. Björnsdóttir var bæði faglegur hönnuður að viðtalinu og sá um alla tækni-vinnu við það, upptöku og klippingar. Henni eru færðar bestu þakkir fyrir sitt vinnu-framlag sem og samstarfið. Þá veitti Menningar- og viðskiptaráðuneytið styrk fyrir þessari vinnu og er hér með þakkað framlagið.

Í bláa rammanum eru hendur á lofti – táknmálið er leyft, tréð vex og króna þess, sem táknar heila barna, stækkar. Bækur opnast og þar með aðgengi að þekkingu. Fyrir neðan eru skýrar hendur og augu. Hendurnar tjá málið og augun nema það.

Neðst er borði sem segir sögu frá hvorum tímanum um sig. Á fyrra tímabilinu misskilur stúlkan það sem sagt er. Hún þarf að lesa af vörum, heldur að henni sé sagt að HENDA rósunum og gerir mistök. Á því seinna skilur hún að hún á að HELLA vatni á rósirnar og er glöð. Kveikjan að borðanum er minning Arnþórs frá því hann var í sveit og misskildi það sem bóndinn bað hann um að gera.







Viðtal við
myndlistarmanninn
Arnþór Hreinsson

